

Frjálsíþróttasamband Íslands

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4040
Netfang: fri@fri.is



Hvaða kröfur þarf að uppfylla til að fá íslandsmet viðurkennt?

Upplýsingar til keppenda, umboðsmanna og þjálfara

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) staðfestir formlega og skráir íslandsmet:

- Karla
- Kvenna

Þetta gildir um alþjóðlegar keppnisgreinar innan- og utanhúss, sjá metaskrá FRÍ.

Að auki skráir FRÍ öll aldursflokkamet samkvæmt reglugerð og flokkun 22 ára og yngri og þá einnig innan- og utanhúss. Til viðbótar er haldið utanum besta árangur frá upphafi í greinum sem keppt er reglulega í en falla ekki undir alþjóðlegar keppnisgreinar.

Haldið er utanum metapróun og um leið eldri met í viðkomandi grein.

GAGNAÖFLUN TIL STAÐFESTINGAR ÍSLANDSMETA

Til að met fái staðfest þarf að tryggja að öll nauðsynleg skilyrði löglegs mótahalds og framkvæmdar séu uppfyllt. Hér skal stuðst við reglugerð um mótahald og framkvæmd á vegum FRÍ og World Athletics. Einnig skal stuðst við reglugerð um lyfjapróf (nr.24) og alþjóðlega framkvæmd lyfjaprófa samkvæmt alþjóðlegu lyfjaeftirlitsstofnuninni WADA og Lyfjaeftirlits Íslands.

Öll tilskilin gögn til staðfestingar árangurs skal senda til skrifstofu FRÍ, Engjavegi 6-104 Reykjavík og á fri@fri.is að auki.

Eftirfarandi gögnum skal skilað vegna **allra** íslandsmeta:

1. Útfylltu og undirrituðu eyðublaði til staðfestingar á íslandsmeti
2. Afriti af staðfestingu á lyfjaprófi og hvar það var framkvæmt og af hverjum

Vegna **hlaupagreina innan vallar** (einnig boðhlaup og hlaupagreinar fjölþrauta) að auki:

3. Markmynd sem sýnir keppanda fara yfir marklínu og kvarða.
4. Markmynd af "núlltesti/zero test" af marklínu með kvarða. Fyrir fjölþraut þarf mynd frá báðum keppisdögum.

Vegna stökk- og kastgreina (einnig tæknigreinar fjölþrauta) að auki eftirtalin gögn:



VALITOR



Frjálsíþróttasamband Íslands

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4040
Netfang: fri@fri.is



5. Ritaraflöð viðkomandi greinar
6. Afrit af vindmælingum einstakra stökka í lang- og þrístökki.
7. Gögn með upplýsingum um þyngd, lengdar og þungapunktsmælingar eftir kastáhaldi.

Vegna götuhlaupa:

8. Vottun, framkvæmd og mælingu brautar samkvæmt reglum World Athletics.

LYFJAPRÓF

Til staðfestingar Íslandsmeta fullorðinna skal íþróttamaðurinn undirgangast lyfjapróf í samræmi við reglur Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (World Athletics). Innan við sólarhringur má líða frá því að met er sett og þar til viðkomandi íþróttamaður undirgengst prófið. Það er á ábyrgð viðkomandi íþróttamanns, eða íþróttamanna ef um boðhlaup er að ræða, eða félags viðkomandi, að próf sé tekið og að tilkynna og að tilkynning um met sé rétt skráð og tilkynnt til FRÍ. Þetta gildir þó ekki ef um mót á vegum FRÍ er að ræða. Þar er ábyrgðin FRÍ, sem standi straum að kostnaði vegna lyfjaprófa. Þær keppnisgreinar sem gerð er krafa um lyfjapróf á eru þær sömu og World Athletics miðar við um staðfestingu heimsmeta, skv. 261. og 263 gr. keppnisreglna World Athletics. Ef um met í boðhlaupi er að ræða skal a.m.k. einn keppandi úr sveitinni undirgangast prófið. Val skal vera tilviljunarkennt og skal lyfjaeftirlitsaðili viðkomandi móts bera ábyrgð á valinu.

Ef lyfjaeftirlit er á mótsstað má íþróttamaður sem setur met fá að klára keppnina og verðlaunafhendingu ef við á áður en farið er í próf. Það er á ábyrgð íþróttamannsins að óska eftir lyfjaprófi og á það við um mót innan- sem utanlands.

Ef ekkert lyfjaeftirlit er á mótsstað er það á ábyrgð íþróttamannsins að óska eftir lyfjaprófi og á það við um mót sem ekki eru á vegum FRÍ innanlands. Þetta á einnig við um mót utanlands og þar skal íþróttamaður láta vita af meti umsvifalaust og senda skilaboð á fri@fri.is og senda sms í síma +354 7784040 (Guðmundur Karlsson) eða á lyfjaeftirlit@lyfjaeftirlit.is eða senda sms í síma +354 8624217 (Birgir Sverrisson) .

Ef met fellur í hlaupagrein sem er **400m eða í vegalengd sem er lengri** þarf lyfjaprófið einnig að vera á EPO. Þetta á einnig við um þær fjölþrautargreinar sem falla hér undir.



VALITOR



Frjálsíþróttasamband Íslands

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4040
Netfang: fri@fri.is



EF ÞÚ ERT Í METAFORMI:

Hafðu prentað eintak af staðfestingarblaðinu með í för!

eða notaðu tengilinn

Á íslensku: http://fri.is/wp-content/uploads/2020/06/ISL2020_tilkynning.pdf
Á ensku : http://fri.is/wp-content/uploads/2020/06/ISL2020_reporten.pdf

HVER BER ÁBYRGÐ Á AÐ SKILA NAUÐSYNLEGUM GÖGNUM INN?

A: Mót á Íslandi (önnur en MÍ aðalhluti)

ÍPRÓTTAMAÐURNN SJÁLFUR er ábyrgður fyrir að skila afriti og staðfestingu á lyfjaprófi til FRÍ. Mynd af eyðublaðinu dugar og sendist til fri@fri.is Mikilvægt að það sjáist hver framkvæmir prófið og hvar það er tekið. **FRÍ er ábyrgt fyrir MÍ aðalhluta.**

Mótshaldara ber að skila öllum viðbótargögnum og útfylltu staðfestingareyðublaði til fri@fri.is

B: Landskeppni eða alþjóðlegt mót

ÍPRÓTTAMAÐURNN SJÁLFUR er ábyrgur fyrir að skila afriti og staðfestingu á lyfjaprófi til FRÍ. Mynd af eyðublaðinu dugar og sendist til fri@fri.is Mikilvægt að það sjáist hver framkvæmir prófið og hvar.

Skrifstofa FRÍ er ábyrg fyrir að fá staðfestingu frá TIC á viðkomandi móti ef um alþjóðlegt mót er að ræða og leggur fram ósk með að gögnin verði send til skrifstofa@fri.is

C: Önnur mót erlendis

ÍPRÓTTAMAÐURINN SJÁLFUR er ábyrgur fyrir að skila afriti og staðfestingu á lyfjaprófi til FRÍ. Mynd af eyðublaðinu dugar og sendist til fri@fri.is Mikilvægt að það sjáist hver framkvæmir prófið og hvar það er tekið.

Frjálsíþróttasamband Íslands

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4040
Netfang: fri@fri.is



ÍÞRÓTTAMAÐURINN SJÁLFUR er ábyrgur fyrir að hafa samband við mótshaldara á mótssstað og tryggja að hann skili útfylltu staðfestingareyðublaði og þeim viðbótargögnum sem þarf og sendi til:

Frjálsíþróttasamband Íslands
Engjavegur 6
104 Reykjavík
Iceland

Einnig að senda skannað eintak á skrifstofa@fri.is

Það er nauðsynlegt að Íslandsmet séu sett við löglegar og viðurkenndar aðstæður. Í framhaldi að metin fái staðfest og viðurkennd og því nauðsynlegt að íþróttamaðurinn sjálfur sé meðvitaður um ferlið og tryggi að þjálfari og umboðsmaður aðstoði við gagnaöflun ef því er við komið.

Það er sérstaklega mikilvægt á mótum utan Íslands að bregðast strax við á mótssstað og láta mótshaldara vita og hefja gagnaöflun strax. Þetta er besta leiðin til að tryggja að ekki vanti mikilvægar upplýsingar sem getur reynst torsótt að nálgast þegar allir eru farnir af staðnum.

Ef eitthvað er óklárt hafið beint samband við Frjálsíþróttasamband Íslands

Guðmundur Karlsson, fri@fri.is – gsm; +354 7784040



VALITOR



Frjálsíþróttasamband Íslands

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Sími: 514-4040
Netfang: fri@fri.is



Europcar

VALITOR

